

Að lokinni endurskoðun og afgreiðslu tryggingaráðs skulu reikningarnir sendir heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, sem síðar lætur birta þá í B-deild Stjórnartíðinda.

Tryggingastofnunin skal með reglubundnum hætti birta glöggar upplýsingar um alla starfsemi stofnunarinnar.

Tryggingastofnunin skal kynna almenningi rétt sinn til bóta með upplýsingastarfsemi.

35. gr. hljóðar svo:

Ef slys veldur dauða innan tveggja ára frá því, er það bar að höndum, skal greiða dánarbætur sem hér segir:

- a. Ekkja eða ekill, sem var samvistum við hinn látna eða á framfæri hans, hljóta bætur, kr. 7 368.00 á mánuði í 8 ár frá dánardægri hins látna. Bætur samkvæmt þessum staflið falla ekki niður, þótt ekkja eða ekill stofni til hjúskapar á ný. Nú andast ekkja eða ekill, sem bóta hefur notið samkvæmt ákvæðum þessarar greinar, áður en bætur hafa verið greiddar að fullu, og skulu eftirstöðvar bótanna greiddar að jöfnu börnum hinna látnu eftir sömu reglum til loka tíma-bilsins, ef á lífi eru, ella til dánarbús hans.
- b. Ef ekkja eða ekill eru orðin 50 ára eða hafa tapað meiru en 50% af starfsorku sinni, er slysið ber að höndum, greiðist auk bóta samkvæmt a-lið lífeyrir til 67 ára aldurs, kr. 70 560.00 á ári miðað við 60 ára aldur eða 75% örorku. Lífeyrir lækkar um 5% fyrir hvert ár eða brot úr ári, sem vantar á 60 ára aldur, og 4% fyrir hvert 1%, sem vantar á 75% örorku. Lífeyrir samkvæmt þessum staflið fellur niður, ef bótaþegi gengur í hjónaband á ný.
- c. Barnalífeyrir, kr. 36 108.00 á ári fyrir hvert barn, sbr. að öðru leyti 14. gr.
- d. Barn eldra en 16 ára, sem var á framfæri hins látna vegna örorku, þegar slysið bar að höndum, fær bætur, eigi minni en kr. 92 088.00 og allt að kr. 276 264.00, eftir því, að hve miklu leyti það naut stuðnings hins látna við fráfall hans. Þó greiðast ekki bætur, ef örorka er minni en 33%. Sama gildir um systkini hins látna, þegar eins stendur á.
- e. Foreldri hlýtur eigi minni bætur en kr. 92 088.00 og allt að kr. 276 264.00, eftir því, að hve miklu leyti það naut stuðnings hins látna við fráfall hans. Bætur samkvæmt a-, d- og e-liðum skulu eigi vera lægri en kr. 128 924.00 fyrir hvert slys. Nú lætur hinn látni ekki eftir sig aðstandendur, sem rétt eigi til bóta samkvæmt þessum stafliðum, og skal þá bæta slysið með kr. 128 924.00, sem skiptist að jöfnu milli barna hins látna, ef á lífi eru, en ella til dánarbús hans.

Um fósturbörn og fósturforeldra gildir sama og um börn og foreldra. Tryggingaráð úrskurðar, hvoru skuli greiða, foreldri eða fósturforeldri, ef hvort tveggja er á lífi.

Frá dánarbótum, sem greiddar eru vandamönnum, ber að draga þær örorkubætur, er greiddar hafa verið í einu lagi samkvæmt 4. málsg. 34. gr. vegna sama slyss.

72. gr. hljóðar svo:

Mæður, sem fá úrskurð yfirvalds um meðlag með börnum sínum, geta án tillits til þess, hvort þær ganga í hjónaband eða ekki, snúið sér til Tryggingastofnunar ríkisins með úrskurðinn og fengið meðlagið greitt þar, þó innan þeirra takmarka, er 14. gr. setur um fjárhæð og aldur barna.

Tryggingastofnuninni er ekki heimilt að greiða meðlög lengra aftur í tímann en 6 mánuði, talið frá byrjun þess mánaðar, sem yfirvaldsúrskurður er afhentur stofnuninni, nema um sérstakar ástæður sé að ræða, sem barnsmóðir verður ekki talin eiga sök á, og getur þá tryggingaráð úrskurðað meðlagsgreiðslur allt að 18 mánuði aftur í tímann.

Tryggingastofnunin skal senda Innheimtustofnun sveitarfélaga innan eins mán-

aðar tilkynningu um fyrstu greiðslu meðlags með barni. Tilkynningunni skal fylgja afrit af yfirvaldsúrskurði.

Innheimtustofnun sveitarfélaga endurgreiðir Tryggingastofnuninni meðlög skv. 1. mgr. vegna barnsfeðra, sem framfærslurétt eiga hérlandis, eftir því sem meðlöginn innheimtast, en fullnaðarskil skulu gerð í síðasta lagi fyrir 1. október næsta ár.

Ríkissjóður endurgreiðir Tryggingastofnun ríkisins meðlög vegna barnsfeðra, sem framfærslurétt eiga erlendis.

Ákvæði þessarar greinar skulu gilda, eftir því sem við getur átt, um greiðslu meðlags, sem fráskildar konur fá úrskurðað með börnum sínum.

80. gr. hljóðar svo:

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1972. Jafnframt eru úr gildi numin eftirtalin lagaákvæði:

1. Lög nr. 40 30. apríl 1963, um almannatryggingar, sbr. þó 2. tölulið ákvæða til bráðabirgða.
2. Lög nr. 72 9. des. 1963, um hækkun á bótum almannatrygginga.
3. Lög nr. 2 28. febr. 1964, um hækkun á bótum almannatrygginga.
4. Lög nr. 14 30. apríl 1964, um breyting á lögum nr. 40/1963.
5. Lög nr. 20 23. apríl 1965, um breyting á sömu lögum.
6. Lög nr. 98 22. des. 1965, um breyting á sömu lögum.
7. Lög nr. 94 20. des. 1966, um breyting á sömu lögum.
8. Lög nr. 83 29. des. 1967, um breyting á sömu lögum, sbr. þó 2. tölulið ákvæða til bráðabirgða.
9. Lög nr. 4 24. marz 1968, um hækkun á bótum almannatrygginga.
10. Lög nr. 57 25. apríl 1968, um breyting á lögum nr. 40/1963.
11. Lög nr. 7 6. marz 1969, um hækkun á bótum almannatrygginga.
12. Lög nr. 11 18. marz 1970, um breyting á lögum nr. 40/1963.
13. Lög nr. 20 4. apríl 1970, um hækkun á bótum almannatrygginga.
14. Lög nr. 29 27. apríl 1970, um breyting á lögum nr. 40/1963.
15. Lög nr. 32 6. maí 1970, um breyting á sömu lögum.
16. Lög nr. 42 12. maí 1970, um breyting á sömu lögum.
17. Lög nr. 43 12. maí 1970, um breyting á sömu lögum.
18. Lög nr. 110 29. des. 1970, um breyting á sömu lögum.

Ákvæði til bráðabirgða hljóða svo:

1. Bætur, sem úrskurðaðar hafa verið fyrir gildistöku laga þessara, skulu ekki skerðast vegna ákvæða II. kafla um bótageiðslur í hlutfalli við þann tíma, sem bótapegi hefur átt lögheimili á Íslandi, sbr. þó 2. málsg.

Nú á ellilífeyrisþegi eða umsækjandi um ellilífeyri ekki lögheimili á Íslandi, og skal þá einungis reikna til réttindatíma samkvæmt 12. gr. þann tíma, sem hlutaðeigandi hefur átt lögheimili á Íslandi eftir árslok 1946. Heimilt er tryggingaráði að veita undanþágu frá þessu ákvæði, ef sérstaklega stendur á.

2. Fresta skal til ársloka 1972 gildistöku þeirra ákvæða laga þessara, er varða fækkun og stækkun sjúkrasamlaga. Til sama tíma gildi þau ákvæði laga, er varða héraðssamlög og hlutverk þeirra, tekjur þeirra, gjöld og stjórn.

Fyrir árslok 1971 skal Tryggingastofnun ríkisins, eða sérstök nefnd, gera áætlun um það, hvernig störfum hinna nýju sjúkrasamlaga skuli fyrir komið, hvar þau skuli hafa starfsstöðvar og hvernig innheimtu og útborgun skuli háttað. Kynna skal hlutaðeigandi sveitarstjórnnum áætlunina, jafnskjótt og hún hefur verið gerð, og gefa þeim kost á að láta uppi álit um hana. Hin nýja skipan tekur þó ekki gildi, sbr. 1. málsg., ef $\frac{2}{3}$ þeirra sveitarfélaga, sem hlut eiga að máli, kjósa fremur óbreytt fyrirkomulag.

3. Þegar núverandi sjúkrasamlög hætta störfum, yfirferast eignir þeirra og skuldir á sjúkrasamlag það, sem tekur við hlutverki þeirra, þannig, að helmingur

hreinna eigna samlags þess, sem niður er lagt, skal renna í varasjóð hins nýja samlags, en helmingur skal ganga upp í framlög hlutaðeigandi sveitarfélags til hins nýja samlags. Sjúkratryggingadeild Tryggingastofnunar ríkisins ábyrgist skuldir samlaga þeirra, sem niður eru lögð, sem eigin skuld.

4. Þegar héraðssamlög hætta störfum, yfirfærast eignir þeirra og skuldir á sjúkrasamlag það, sem tekur við tryggingahlutverki þeirra.

5. Stjórnir sjúkrasamlaga, sbr. 38. gr., skulu skipaðar eigi síðar en 1. júlí 1972.